



Viðburðir undir merkjum dags íslenskrar tungu 2007

Blysför í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar

Föstudaginn 16. nóvember efna Háskóli Íslands, Rithöfundasamband Íslands og afmælisnefnd Jónasar Hallgrímssonar til blysfarar í tilefni þess að þá verða 200 ár liðin frá fæðingu Jónasar.

Gangan hefst stundvíslega kl. 18 og gengið verður frá aðalbyggingu Háskóla Íslands í Hljómskálagarð þar sem blysförinni lýkur við stytta Einar Jónssonar af þjóðskáldinu en hún var afhjúpuð 16. nóvember 1907 á aldarafmæli skáldsins.

Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambandsins, flytur þar ávarp í minningu skáldsins.

Hátíðarsamkoma í Þjóðleikhúsinu 16. nóvember kl. 19:30–20:30.

Afhending Verðlauna Jónasar Hallgrímssonar.

Í tilefni af því að þann 16. nóvember verða 200 ár liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, þjóðskáldsins góða og eins fyrsta náttúrufræðings Íslendinga, verður haldin hátíðarsamkoma í Þjóðleikhúsinu undir heitinu *Þar sem háir hólar*. Á dagskrá hátíðarsamkomunnar verða flutt verk Jónasar í bundnu máli og lausu og tónlist tengd kvæðum hans og minning hans heiðruð með ýmsum hætti.

Meðal þátttakenda verða: Matthías Johannessen skáld, leikararnir Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Benedikt Erlingsson, Gunnar Eyjólfsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Hjalti Rögnvaldsson, Ingvar Sigurðsson og Þórunn Lárusdóttir, söngvararnir Bergþór Pálsson og Gunnar Guðbjörnsson, Jónas Ingimundarson píanóleikari, Drengjakór Reykjavíkur undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar, Kór Kársnesskóla undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur.

Samantekt og leikstjórn er í höndum Sveins Einarssonar, en umgjörð hátíðarinnar skapar Vignir Jóhannsson.

Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir flytur ávarp og afhendir verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

Hátíðarsamkoman er öllum opin og ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

Þeir sem vilja taka þátt í samkomunni vinsamlegast tilkynni þátttöku sína til miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551 1200 og sækji miðana í Þjóðleikhúsið.

Dagskráin verður sýnd beint í Ríkissjónvarpinu.

Efnt til íslenskuverðlauna fyrir reykvísk skólabörn

Menntaráð Reykjavíkurborgar ætlar að efna til íslenskuverðlauna fyrir reykvísk skólabörn. Þeim verður úthlutað árlega, á Degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember. Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga æskufólks á íslenskri tungu og hvetja það til framfara í tjáningu talaðs máls og ritaðs.

Verðlaunin verða veitt nemendum sem hafa tekið framförum og eða náð góðum árangri í íslensku, hvort heldur þeir hafa hana að móðurmáli eða læra hana sem annað tungumál. Sérhver grunnskóli í Reykjavík getur tilnefnt þrjá nemendur eða nemendahóp til verðlaunanna og fá allir sem tilnefningu hljóta verðlaunagrip. Skólar geta t.d. tilnefnt þá sem sýnt hafa færni, frumleika eða sköpunargleði í að nota tungumálið sem samskiptatæki í hagnýtum eða listrænum tilgangi.

Þjóðmenningarhúsið – Ferðalok

Frá og með 16. nóvember, 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar, verður sýningin *Ferðalok* – um manninn, skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson, opin á sýningartíma, eða alla daga frá kl. 11 til 17.

Sýningin er að frumkvæði menntamálaráðuneytis í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar.

Handrit, myndir, munir og önnur sýningargögn eru frá Handritadeild Landsbókasafns Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjasafni Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands, Gunnari Geir Vigfússyni og Jóhannesi Long. Geologisk Museum, Botanisk Museum, Zoologisk Museum, Kgl. Bibliotek og Københavns Bymuseum í Kaupmannahöfn lögðu einnig til myndir og muni.

<http://www.thjodmenning.is>



Íslenskuhátíð í Háskóla Íslands á degi íslenskrar tungu

Íslenskuskor HÍ og Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, standa fyrir hátíðardagskrá í tilefni af degi íslenskrar tungu, föstudaginn 16. nóvember 2007 frá kl. 16:00-18:30. Hátíðin fer fram í stofu 201 í Árnagarði við Suðurgötu.

Dagskrá:

- 16:10 Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, flytur ávarp.
- 16:20 Þóra Björk Hjartardóttir dósent og Sigríður Þorvaldsdóttir aðjunkt: *Íslenska fyrir útlendinga – ný lausn!*
- 16:35 Mörður Arnason íslenskufræðingur: *Íslenska í stjórnarskrá – hvað svo?*
- 16:50 Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur: *Stríð um stafsetningu – Halldór Laxness og menningararfurinn*
- 17:25 Ásta Kristín Benediktsdóttir íslenskunemi: *London og Hali í Suðursveit - Útrás og víðáttubrjálæði íslenskunnar*
- 17:40 Arngrímur Vídalín og Ingunn Snædal, íslenskunemar og skáld: *Ljóðrænar hneigðir í Árnagarði*
- 17:55 Haraldur Bernharðsson, málfræðingur hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *Mótun íslenskrar málstefnu*
- 18:10 Anton Karl Ingason formaður Mímis: *Ályktun íslenskunema um stöðu íslenskrar tungu*

Háskólinn á Akureyri

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember nk. mun Finnur Friðriksson aðjunkt flytja erindi undir yfirskriftinni *Íslenskt mál: Fljótum við sofandi að feigðarósi?* og Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og aðjunkt mun lesa upp úr nýútkominni bók sinni *Nonni og Selma - fjör í 1. bekk*. Dagskráin fer fram í stofu K201 á Sólborg og hefst kl. 15:00. Allir velkomnir. <http://unak.is>

Menningarfélagið Hrauni í Öxnadal

Þann 16. nóvember kemur út bókinn *Jónas Hallgrímsson Ævimynd*, eftir Böðvar Guðmundsson skáld frá Kirkjubóli. Þann dag mun forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenda nemendum 10. bekkjar í Þelamerkurskóla fyrstu eintökin. Menningarfélagið Hraun ehf. hyggst gefa bókina öllum nemendum 10. bekkja í grunnskólum landsins.

Málræktarþing Íslenskrar málnefndar og Mjólkursamsölunnar

laugardaginn 10. nóvember kl. 11:00-14:30 í hátíðasal Háskóla Íslands

Kynnt verður starf vinnuhópa sem hafa rannsakað stöðu tungunnar á ýmsum sviðum, þar á meðal í listum, fjölmiðlum, skólum og stjórnsýslu.

Dagskrá:

- 11.00 Þingið sett. Tónlistaratriði.
- 11.10 Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar: Drög að íslenskrí málstefnu.
- 11.25 Halldóra Björt Ewen: Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar.
- 11.45 Brynhildur Þórarinsdóttir: Háskólar, vísindi og fræði.
- 12.05 Fundarhlé. Veitingar í boði Mjólkursamsölunnar.
- 12.30 Tónlistaratriði.
- 12.40 Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar: Jónasarvefurinn.
- 12.50 Veturliði Óskarsson: Tungan og tengslin - Um íslensku sem annað mál, íslenskukennslu erlendis og tengslin við norrænt málsamfélag.
- 13.10 Verðlaun fyrir íslenskunotkun í fjölmiðlum.
- 13.20 Björn Gíslason: Fjölmiðlar og listir.
- 13.40 Dagný Jónsdóttir: Tungumál og málfar í viðskiptum og stjórnsýslu.
- 14.00 Almennar umræður.
- 14.20 Tónlistaratriði.

Fundarstjóri Steinunn Stefánsdóttir



Viðburðir undir merkjum dags íslenskrar tungu 2007

Minningarstofa um Jónas Hallgrímsson á Hrauni í Öxnadal

Um hádegisbil þennan dag verður opnuð minningarstofa um Jónas Hallgrímsson á Hrauni í Öxnadal. Minningarstofan og fræðimannsíbúðin á Hrauni verða opin fyrir almenning laugardaginn 17. og sunnudaginn 18. nóvember kl. 13–18.

Í tilefni af opnun minningarstofunnar hefur Þjóðminjasafn Íslands lánað skrifborð úr eigu Jónasar Hallgrímssonar og líkan af húsi því sem Jónas bjó síðast í í Kaupmannahöfn.

www.akmus.is

Jónasarfyrirlestur í Ketilhúsinu 16. nóvember kl. 17.15.

Í samstarfi við Akureyrarstofu er boðið til fyrirlestrar Helgu Kress prófessors, sem hún nefnir “Ég bið að heilsa: Landið, skáldskapurinn og konan í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar”.

Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

Menningarfélagið Hraun í Öxnadal ehf

Kennaraháskóli Íslands

Fagrað í íslensku við Kennaraháskóla Íslands býður til hátíðarsamkomu í Hylnum (bókasafni) á degi íslenskrar tungu 16. nóvember kl. 12:05-12:45. Stúdentar flytja tónlist, Soffía Jakobsdóttir leikkona flytur ljóð eftir Jónas Hallgrímsson og Ingunn Snædal ljóðskáld les eigin ljóð. Verðlaunaafhending í ljóðasamkeppnin Ljóð á tungu - ljóð um tungu.

Grunnskólar

Stóra upplestrarkeppnin hefst formlega á degi íslenskrar tungu; eldri börnin koma í bekki yngri barna og lesa upp sögur og ljóð; verðlaunahafar úr upplestrarkeppni síðasta árs lesa upp; ljóða- og smásagnakeppni; ljóð Jónasar Hallgrímssonar kynnt; íslenskir málshættir sérstaklega athugaðir.

Sem dæmi um hvernig dagurinn er haldinn hátíðlegur má nefna *Flataskóla í Garðabæ* en þar munu allir nemendur skólans stíga á stökk og flytja tónlistardagskrá sem tengist íslenskrari tungu.

Njála lesin á Njáluslóðum.

Á degi íslenskrar tungu lesa nemendur 10. bekkjar Hvolsskóla á Hvolsvelli Brennu-Njáls sögu í samstarfi við Sögusetrið á Hvolsvelli. Lesturinn hefst kl. 7.30 að morgni og lesa nemendur 10. bekkjar úr sögunni til skiptis fram á kvöld. Áætlað er að lestrinum ljúki um kl. 22.00. Öðru hverju verður gert hlé á upplestrinum og verður þá meðal annars boðið upp á söngatriði og ljóðaflutning. Þetta er í þriðja skipti sem nemendur í 10. bekk Hvolsskóla lesa Njálu á þessum degi.

Sagnanámskeið í Grunnskóla Grundarfjarðar

Í tengslum við dag íslenskrar tungu verður haldið sagnanámskeið í Grunnskóla Grundarfjarðar með 10 ára börnum dagana 13.–15. nóvember. Nemendur munu vinna með ýmsar sögur í tali, tónum og myndmennt og sækja meðal annars í sjóð Jónasar Hallgrímssonar. Þau munu síðan flytja afraksturinn á fjölbreyttri dagskrá á vegum skólans sem tileinkuð er degi íslenskrar tungu. <http://skoli.grundarfjordur.is>

Leikskólar

Samverustund á sal í tilefni dagsins. Íslenskt mál er viðfangsefnið alla vikuna á undan deginum. Rætt um skáldið Jónas Hallgrímsson. Börnin læra vísur og söngva og búa til leikrit út frá ljóðum eða sögum Jónasar. Sérstakur bókadagur haldinn.

Jónshús í Kaupmannahöfn

Í Jónshúsi í Kaupmannahöfn verður Jónasarkvöld 16. nóvember og flytur Böðvar Guðmundsson rithöfundur stutt erindi um skáldið. Kynnt verður bók með nýjum dönskum þýðingum Sørensen Sørensen á ljóðum Jónasar.

Uppllestur og samlestur úr prósaverkum Jónasar, Stúlkan í turninum og Gamanbréf til kunningjanna. <http://www.jonshus.dk>



Viðburðir undir merkjum dags íslenskrar tungu 2007

Sendiráð Íslands í Moskvu

Í sendiráði Íslands í Moskvu verður tvöföld dagskrá undir merkjum dags íslenskrar tungu. Hinn 15. nóvember heldur Áslaug Agnarsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, erindi í sendiráðinu í Moskvu 15. nóvember og ber saman þjóðskáldin Jónas Hallgrímsson og Alexander Púshkín.

Sérstök dagskrá verður 16. nóvember í háskólanum í Moskvu sem er helguð degi íslenskrar tungu og lesið verður úr þýðingum á íslenskum bókum og íslensk tónlist leikin.

<http://www.iceland.org/ru/islenska>

Island-Kolloquium í Köln

Á hinu árlega Island-Kolloquium, sem verður haldið í Köln 24.

nóvember, mun Matthías Johannessen minnst Jónasar Hallgrímssonar með erindi, sem hann kallar *Dichter der Naturschönheit*.

Dr. Gert Kreuzer, sem var prófessor í norrænum fræðum við háskólann í Köln en er nú á eftirlaunum, mun halda erindi um Jón Sveinsson (Nonna) sem fæddist fyrir 150 árum.

<http://www.islandgesellschaft.de>

Tónlistarskóli F.Í.H.

Í tilefni dags íslenskrar tungu mun Tónlistarskóli F.Í.H. verða með nemendatónleika föstudaginn 16. nóvember nk. í hátíðarsal skólans. Á efnisskránni verður eingöngu flutt íslensk tónlist, m.a:

1. Píanóverk eftir Snorra Sigfús Birgisson sem hann vann upp úr íslenskum þjóðlögum varðveittum á þjóðfræðasafni Stofnunar Árna Magnússonar.
2. Sönglög ýmissa íslenskra tónskálda við ljóð Davíðs Stefánssonar, Halldórs Laxness, Tómasar Guðmundssonar, Megasar o.fl.
3. Íslensk þjóðlög sem slagverksskennarnir Pétur Grétarsson og Matthías Hemstock hafa unnið upp úr þjóðlagabók Göggju Lund og útsett fyrir óvenjulega hljóðfæraskipan s.s. ýmis slagverkshljóðfæri, píanó, rafgítar o.fl. til að „hleypa nýjum og ferskum straumum inn í þjóðlagaarfinn“ eins og þeir orða það.

Tónleikarnir hefjast kl. 20:00 og er aðgangur ókeypis.

Söngskólinn í Reykjavík

Tónleikaröð nemenda sem ljúka framhaldsprófi frá skólanum 15.–19. nóvember og munu söngljóð eftir Jónas Hallgrímsson vera á efnisskrá allra tónleikanna ásamt öðru efni, innlendu og erlendu.